

Hleranirnar hófust hugsanlega samdægurs þennan dag, 26. mars 1949. Á handskrifuðu uppkasti að dómsúrskurðinum, sem var nær samhljóða honum, stóð einnig: „Hlíðdal biður Gústav að hringja til sín fyrir 5½.“<sup>1</sup> Póst- og símamálastjóri var auðvitað hafður með í ráðum og kannski má lesa úr þessum orðum að tækjabúnaðurinn hafi verið til taks síðdegis þennan dag. Þær fóru nær örugglega fram í Landssímahúsinu við Austurvöll og ekki mun hafa verið stuðst við segulbönd heldur hlustuðu útvaldir lögregluþjónar, sem lögreglustjóri og dómsmálaráðherra báru fullt traust til, á samtöl og skráðu niður það sem þótti skipta máli.

Hafi menn verið byrjaðir að hlusta er hugsanlegt að þá um kvöldið hafi þeir hlýtt á símtöl um stjórnarfund í Sósíalistafélagi Reykjavíkur sem hófst klukkan hálf-fimm í höfuðstöðvum Sósíalistaflokksins á Þórsgötu 1. „Rætt var um ráðstafanir á úrslitastund“, sagði í fundargerð og var ákveðið að koma saman á ný eftir útifund daginn eftir, sunnudaginn 27. mars, sem yrði í samvinnu við Þjóðvarnarfélagið, Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna og Félag ungra framsóknarmanna.<sup>2</sup>

Það rennir líka stoðum undir þá kenningu að símahleranirnar hafi hafist á laugardeginum að *Þjóðviljinn* hélt því blákalt fram morguninn eftir. „Leppstjórnin stefnir að fasisma,“ sagði í enn einni stríðsletursfyrirsögninni og undirtextinn var jafnhvass: „Verið er að koma upp fjölmennri hvítliðasveit Heimdellinga og nazista búinni kylfum – Símahleranir hafnar.“ Blaðið kvaðst svo hafa fengið „sannar fregnir af því, sem ýmsa hefur lengi grunað, að víðtækar símahleranir eru hafnar, bæði hjá *Þjóðviljanum* og ýmsum „hættulegum“ einstaklingum. Eru slíkar símahleranir að sjálfsögðu algert lögbrot.“<sup>3</sup> Við getum spurt okkur að því hvernig blað sósíalista komst að því að hlustun síma væri hafin eða við það að hefjast? Þótt fullt svar við því fáiist seint mátti væntanlega rekja „lekann“ til Landssímahússins. Fregnir af laumuspilinu hafa kannski komist á kreik og þeir voru vissulega til meðal símamanna sem voru á móti hlerunum og studdu sósíalista að málum. Einn þeirra, sem vann að liðssafnaði sjálfstæðismanna, hélt því meira að segja fram síðar að hans sími hefði verið hleraður og átti þar að hafa verið að verki „sjálfboðaliði kommúnista, þá starfsmaður á símstöðinni“.<sup>4</sup> Þetta hlýtur þó að þykja ósennilegt.

Rökstuddur grunur sósíalista um hleranir olli því væntanlega að menn gættu orða sinna í símanum. Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason og aðrir lífsreyndir félagar, sem höfðu helst í baráttunni á dögum gamla Kommúnistaflokksins, höfðu örugglega tamið sér

þá reglu að fjalla ekki um trúnaðarmál í símtölum. En kannski aðrir hafi ekki haft sama vara á eða neitað að trúa því að ríkisvaldið legði við hlustir. Mikið var skrafað á skrifstofum sósíalista við Þórsgötu og kaffihúsinu Miðgarði.

Það er mögulegt að við hleranirnar hafi ýmislegt komið upp úr kafinu. Reiðin í brjósti þeirra, sem voru mest á móti aðild Íslands að varnarbandalaginu, verður seint ofmetin og augljóst er að í hita leiksins fékk ýmislegt að flakka. Á fundinum í Listamannaskálanum 24. mars var til dæmis látið að því liggja, að sögn Sigurðar Línalds, „að ráðist yrði inn í Alþingishúsið og þingfundi hleypt upp!“<sup>5</sup> Inga R. Helgason, lögfræðing og áhrifamaður í flokki sósíalista um árabíl, minnti einnig að eitt kvöld í marslok hefði félagi í Æskulýðsfylkingunni hreyft þeirri hugmynd „að nú væri um ekkert annað að ræða en að stofna sveitir og útvega sér barefli alveg eins og 1932“.<sup>6</sup> Þar var líklega Fylkingarfélaginn Halldór Stefánsson, „mikill hershöfðingi“ að sögn Guðmundar J. Guðmundssonar: „Halldór vildi hafa nokkra 25 manna flokka – ég átti að vera í slíkum flokki við Nýja bíó – og síðan áttu þessar stormsveitir einfaldlega að taka Alþingishúsið á sitt vald.“

Annar byltingarsinni, Guðjón Bjarnfreðsson, lagði einnig til að bílum yrði lagt fyrir framan lögreglustöðina í Pósthússtræti og þegar lögregluþjónarnir þystu út á Austurvöll spryttu menn út úr bílunum og gripu þá alla. Loks datt einum Fylkingarfélagnum það „snjallræði“ í hug að einn þeirra, sem fengi miða að þingpöllum þegar gengið yrði til atkvæða um bandalagsaðildina, hefði með sér nokkrar flöskur af salmíaksspiritus og hellti úr þeim yfir þingsalinn. Þá yrðu atkvæði að minnsta kosti ekki greidd þann daginn.<sup>7</sup>

En hafi einarðir og árásargjarnir sósíalistar talað óvarlega í síma um skæruhernað á þessum nótum er hugsanlegt að hleranir hafi líka leitt í ljós viðbrögð og afstöðu forystusveitar sósíalista. Leiðtogarnir sátu á stöðugum fundum og meðal annars kom trúnaðarmannaráð Sósíalistafélaganna í Reykjavík saman að kvöldi mánudagsins 28. mars.<sup>8</sup> „Útvíkkuð framkvæmdanefnd“ Sósíalistaflokksins mun einnig hafa hist og því hefur verið haldið fram að á þeim fundum og öðrum, sem haldnir voru þessa daga, hafi áköfustu félögum – einkum ungliðunum í Æskulýðsfylkingunni – gramist hvað flokksforystan var „lin“.<sup>9</sup> Baldri Guðlaugssyni og Páli Heiðari Jónssyni var sagt „að forysta Sósíalistaflokksins hafi álitnið öruggara að hafa samband við ýmsa einstaklinga ...

til að ráða þeim frá hverskyns valdbeitingu eða óeirðum við eða í Alþingishúsinu“.<sup>10</sup> Og getur ekki verið að menn hafi eitthvað notað símann fyrir þau skilaboð?

Segja má að úrtöluraddir foringjanna – hvort sem þær voru hleraðar eða ekki – hafi verið á skjön við þau geysisterku brýningarorð sem *Þjóðviljinn* birti dag eftir dag. Engu var líkara en gömlu kommúnistarnir hvettu alþýðuna til þess að rísa upp gegn ofríki kúgaranna en vildu ekki taka að sér beina leiðsögn eða forystuhlutverk, jafnvel þótt Marx og Lenín hefðu kennt að einmitt þannig myndi hinn þaulskipulagði byltingarflokkur skipta sköpum.<sup>11</sup> Vel má því vera að sanntrúuðum og örum sósíalístum hafi þótt súrt í broti að þeir, sem ættu að vera í fylkingarbrjósti, virtust bregðast þegar á reyndi. Einn þeirra harmaði þetta síðar og sagði að verkalýðsfélögin og Sósíalístaflokkurinn hefðu átt að skipuleggja „töku“ Alþingishússins sem hefði verið hægur vandi. Forystan hefði hins vegar brugðist sögulegu hlutverki sínu og fjöldinn hefði orðið „ofurseldur ofbeldi borgarastéttarinnar“.<sup>12</sup>

Það gildi hins vegar það sama um marx-lenínsimann og heilaga ritningu; boðskapinn mátti túlka á marga vegu og andmæla einni kennisetningu með annarri jafngóðri. Það hafði Einar Olgeirsson jú gert þegar róttækir námsmenn komu frá Lenínsskólanum á kreppuárunum og vildu gera byltingu á Íslandi. Þá gat hann bent á gullvægu reglu góðra kommúnista að menn yrðu að meta vígstöðuna rétt og forðast „próvakasjónir“. „Ábyggilegur heimildarmaður úr innsta hring Sósíalístaflokksins“ komst enda svo að orði þegar hann rifjaði upp æsingatímana í lok mars 1949:

Það var ekkert spursmál um afstöðu Brynjólfs, Einars og Sigfúsar [Sigurhjartarsonar], sem mótuðu alla þessa framkvæmdanefndarfundir þá – þeir lögðust gegn hverri hugmynd um það að „mobilisera“ sig til einhverra svona verka – að grípa til einhverra svona verka – að grípa til einhverra ofbeldisaðgerða...

– Það hefur semsagt verið rætt?

Já, það var rætt um það og líka möguleikana á því að þetta gæti leiðst út í eitthvað og okkur yrði svo kennt um það – við þurfum ekki nema að fara í þetta klassíska dæmi um þinghúsbrunann.<sup>13</sup>

Hér var vísað til þess að í febrúar 1933 hafði eldsvoði brotist út í *Reichstag*, þinghúsinu í Berlín. Hitler, sem var nýorðinn kanslari, kenndi kommúnístum að ósekju um brunann og nýtti þessa „ógn“ til þess að sölsa enn meiri völd til sín.<sup>14</sup> Í mars 1949 töldu íslenskir sósíalístar að þeir mættu ekki veita afturhaldinu svipað sóknarfæri:

Við ræddum náttúrlega um það, ef að þarna yrðu einhver læti og almenningur kæmi til og tæki í taumana, þá yrðum við náttúrlega að vera það klárir, að það væri ekki hægt að kenna okkur um – þó að við mættum aldrei láta niður falla að æsa upp lýðinn!<sup>15</sup>

Að lokum má því láta sér detta í hug að síðustu dagana í mars hafi lögregluþjónar, sem lágu á hleri í Landssímahúsinu samkvæmt dómsúrskurði, hlustað á símtöl þar sem æstir sósíalistar hafi sagt að kannski yrði bara að ráðast inn í þinghúsið til að koma í veg fyrir að þessir andskotar seldu landið. En líklega heyrði lögreglan einnig reyndari forystumenn biðja félagasína að halda ró sinni því ofbeldi væri til einskis og menn skyldu muna þinghúsbrunann í Berlín – þótt vitaskuld yrði að vona að mótmælaalda almennings yrði það sterk að landsölumennirnir heyktust á ódæðinu. Þetta eru þó aðeins getgátur, byggðar á líkum og mistraustum frásögnum seinni tíma. Í ljósi þess að lögregluyfirvöld báðu aftur um leyfi til að hlera síma sósíalista tæpum tveimur árum síðar má reyndar gera ráð fyrir því að í fyrra sinnið þau hafi orðið einhvers vísari og talið allnokkurt gagn af þessum aðgerðum. En staðreyndin er sú að því miður verður ekkert sagt með fullri vissu um það hvað lögreglan heyrði við hleranirnar. Gögn um það fást ekki skoðuð úr þessu, eins og síðar greinir.

\*\*\*\*\*

Víst er að í marslok 1949 bjó lögreglan sig undir það versta. Varðstjórar lögreglunnar sátu marga fundi með lögreglustjóra og sú nánast augljósa niðurstaða fékkst að allt tiltækt lið – yfir 100 manns – yrði kallað út þegar umræður hæfust á þingi. Kylfur, hjálmar, táragas og gasgrímur yrðu til taks og rætt var um að loka Austurvelli og öllum götum að honum. Kæmust mótmælendur inn fyrir þá varnarlínu yrði þeim bægt frá þinghúsinu með táragasi.<sup>16</sup> Það setti þó strík í reikninginn að lögreglan bjó vart yfir nógu miklum liðsafla til þess að geta slegið þetta breiðri skjaldborg um Alþingi og næsta nágrenni. Úr því gætu sjálfboðasveitir sjálfstæðismanna hins vegar bætt. Þótt skjalfestum heimildum sé ekki til að dreifa er öruggt að Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri og Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra ræddu frá upphafi saman um skipulagningu þess liðs og að hvaða notum það gæti komið. Annað er óhugsandi.<sup>17</sup>

Og leið þá að orlagadeginum mikla. Sunnudaginn 27. mars var svikalogn yfir Reykjavík. Að sögn Ríkisútvarpsins sóttu þúsundir manna útifundinn sem boðaður hafði verið til að mótmæla aðild að varnarbandalaginu og ályktaði fundurinn – gegn örfáum

atkvæðum – að þátttaka í því, „án þess að samþykkis þjóðarinnar hafi fyrst verið leitað, sé augljóst brot á meginreglum lýðræðis og mannréttinda, þar sem enginn geti í slíku máli átt ákvörðunarrétt nema þjóðin sjálf“.<sup>18</sup> Fundurinn leið átakalaust en daginn eftir fór að draga til tíðinda.

Mánudaginn 28. mars var lögð fram í sameinuðu Alþingi þingsályktunartillaga ríkisstjórnarflokkanna um aðild að „Norður-Atlantshafssamningnum“.<sup>19</sup> Að kvöldi voru útvarpsumræður um vantraust á ríkisstjórnina sem sósíalistar höfðu lagt fram. Brynjólfur Bjarnason hafði þá í heitingum: „Þegar Bandaríkin hafa beðið ósigur ... og alþýða Evrópu hefur sigrað að fullu mun hún ekki þola það að henni sé ógnað af amerískri herstöð hér á landi. Ameríkumenn munu verða hraktir héðan og íslenska þjóðin mun gera upp við leppa þeirra.“<sup>20</sup> Bjarna Benediktssyni festust þessi orð strax í minni. „Á mennskra manna máli“, sagði hann tveimur árum síðar, „þýðir þetta að Brynjólfur fullyrðir að austrænir kommúnistar muni ráðast á og leggja undir sig Ísland, og í skjóli þeirra muni svo flokksdeild þeirra hér á landi gera upp sakirnar við þjóðholla Íslendinga“.<sup>21</sup> Hugir manna hertust í þessum eldi.

Þegar leið á vantraustsumræðurnar lá við að upp úr syði í þingsal, að sögn *Morgunblaðsins*. Ólafur Thors las upp úr þingtíðindunum þau orð Brynjólfs Bjarnasonar frá 1941 að „hjer mætti skjóta miskunnarlaust, ef það kæmi Rússum að gagni“:

Ærðust kommúnistar þá gjörsamlega. Ætlaði Sigfús [Sigurhjartarson] að hrifsa þingtíðindin af Ólafi Thors en mistókst tilraunin. – Kom þá Einar Olgeirsson til skjalanna og ætlaði að ryðjast að hljóðnemanum með hrópyrðum. Úr því varð þó ekki heldur og hófu þá kommúnistaþingmenn köll og framítökur, en forseti hringdi bjöllu sinni. Kyrrðust þá óróaseggirnir í bili, en voru bersýnilega orðnir illa haldnir.<sup>22</sup>

Um klukkan eitt eftir miðnætti var vantrauststillagan felld á þingi, eins og vænta mátti. Umræður höfðu að nær öllu leyti snúist um utanríkismál og hið væntanlega varnarbandalag, og mátti ljóst vera að traustur meirihluti þingmanna var fyrir því að Ísland tæki þátt í því.<sup>23</sup>

Stjórnmalabaráttan var þó ekki aðeins háð innan veggja Alþingis frekar en fyrri daginn. Morguninn eftir, þriðjudaginn 29. mars, setti *Þjóðviljinn* kröfuna um þjóðaratkvæði enn á oddinn, undir stríðsletri um „Landráðasamninginn“.<sup>24</sup> Klukkan tíu fyrir hádegi hófust svo umræður á Alþingi um aðild Íslands að varnarbandalagi vestrænna ríkja. Sósíalistar beittu málþófi, enda vildu þeir ekki að stjórnarsinum tækist að keyra

málið í gegn þann dag, og einokuðu ræðustól að heita má fram eftir degi. Einhvern tímann þegar á því gekk áttu sendimenn frá Fulltrúaráði verkalyðsfélaganna og Dagsbrún einnig fund með Sigurjón Sigurðssyni og æsktu heimildar til útifundar við Miðbæjarskólann klukkan eitt næsta dag. Lögreglustjóri latti þá mjög til þess. Hann mun hafa látið í það skína að þótt 74. grein stjórnarskrárinnar leyfði landsmönnum „að safnast saman vopnlausir“ væri viðurhlutamikið að halda mótmælafund á þessum stað og tíma, og áfram segði í stjórnarskránni að stjórnvöld mættu banna mannfundi undir berum himni „þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir“. Að sögn Brynjólfs Bjarnasonar kvaðst Sigurjón líka hafa fregnað „að ákveðið væri að hleypa fundinum upp og stofna til óeirða, en fundarboðendur yrðu gerðir ábyrgir fyrir því, sem gerðist“.<sup>25</sup> Spyrja má hvort lögreglustjóri hafi fyrst og fremst verið að reyna að fá fundinum aflýst og nýtt til þess öll ráð, jafnvel ýkjur – eða hvort hann hafi þarna vísað til upplýsinga sem höfðu fengist við símahleranirnar? Í öllu falli vísuðu skipuleggjendur útifundarins úrtölum hans alfarið á bug og kváðust myndu halda sínu striki hvað sem ráðamenn segðu.<sup>26</sup>

Ótti við óspektir var ekki ástæðulaus. Þegar degi hallaði 29. mars hafði allmikill mannfjöldi safnast saman á Austurvelli og smám saman jókst órói í hópnum, einkum meðal unglinga sem höfðu hátt og létu ófriðlega. Undir kvöld var brostinn á hreinn bardagi milli lögreglu og þessa „ærsalýðs“, eins og greint var frá í skýrslu Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns. „Það voru gerðar margar tilraunir til þess að komast inn í húsið þarna um kvöldið“, sagði einn lögregluþjónninn á vettvangi, „[og] ráðist á dyrnar hvað eftir annað“. Grjótkast hófst líka og voru 14 rúður brotnar á framhlið þinghússins. Þessi ólæti munu hafa ráðið nokkru um það að ríkisstjórnin lét af því að ræða þingsályktunartillöguna til þrautar fram á nótt og fá þá samþykki hennar. Frekar var ákveðið að fresta fundi til morguns.<sup>27</sup>

Þinghaldi lauk því um klukkan hálf-tíu að kvöldi. Þingmenn héldu á braut en það gekk ekki þrautalaust hjá þeim öllum. Þegar Stefán Jóhann Stefánsson fór út á Austurvöll ásamt ungum syni sínum, sem hafði fylgst með umræðum á þingpöllum, var kallað að þeim og einhver ku hafa sagt að forsætisráðherrann „þyrfti síðar á traustara lífverði að halda en 15 ára gömlum unglengi“.<sup>28</sup> Um sama leyti gengu þeir Bjarni Benediktsson, Ólafur Thors og Jóhann Hafstein út um aðaldyr Alþingis. Þeir hugðust halda yfir Austurvöll að Sjálfstæðishúsinu en fyrr en varði var gerður aðsúgur að þeim. Lögregla gekk á milli áður en til barsmíða kom og tryggði þeim við illan leik leið inn í

Sjálfstæðishús. Þar beið þeirra nær allt það öryggislið sem hafði verið safnað saman að boði Sjálfstæðisflokksins og tóku menn leiðtogum sínum sem hetjum, heimtum úr helju. „Það var einhver mesta stemmning sem ég man eftir á ævinni“, sagði Eyjólfur Konráð Jónsson síðar, „við vorum þarna nokkur hundruð manns í húsinu og tilbúnir að ryðja þeim veg ef á þyrfti að halda“.<sup>29</sup> Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson blésu eldmóð í sína menn og hafist var handa við að búa sérvalið úrvalslið til bardaga; enginn þurfti að fara í grafgötur um það að þegar mál yrðu til lykta leidd á Alþingi daginn eftir, miðvikudaginn 30. mars 1949, yrðu óeirðir enn harðvítugri en þær höfðu verið þarna um kvöldið. Gera mætti ráð fyrir því að reynt yrði að brjótast inn í þinghúsið og var hjálmum, kylfum og armbindum fyrir mannsafnaðinn þess vegna komið fyrir í flokksherbergi framsóknarmanna, á jarðhæð þess. Hentugast þótti að hafa liðið þar því gluggum var hægt að loka með járnhlerum og gæti því enginn gægst inn fyrir af götu úti og komist að raun um viðbúnaðinn.<sup>30</sup>

Þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson munu hafa horfið heim á leið eftir skamma stund í Sjálfstæðishúsinu. Báðir urðu að vera varir um sig, og þá einkum Bjarni. Þótt sósíalistar og aðrir andstæðingar aðildar að varnarbandalagi vestrænna ríkja færu hörðum orðum um alla stjórnarsinna, ekki síst Stefán Jóhann Stefánsson forsætisráðherra, varð Bjarni Benediktsson nokkurs konar holdgervingur alls þess illa sem menn sáu við þátttöku í því. „Maðurinn er sjúklingur“, hafði sósíalistinn Áki Jakobsson sagt um Bjarna í umræðum á þingi fyrr þennan dag og bætt við að hann myndi „deyja sínum pólitíska dauða tiltölulega fljótt“.<sup>31</sup> Því skal ekki haldið fram að slík högg með orðsins brandi hafi næstum því breyst í áhrínsorð en þegar framsóknarmaðurinn Bernharð Stefánsson hélt til síns næturstaðar í hamaganginum að kvöldi 29. mars varð hann umsvifalaust fyrir aðkasti drukkens manns. Bernharð spurði hvað honum væri á höndum og var svarað að bragði: „Fyrirgefðu, eg hélt þetta væri helvítið hann Bjarni Benediktsson, eg ætlaði að drepa hann.“<sup>32</sup> Í aðra röndina voru ár óttans ár haturs.

Ungur hafði Bjarni Ben, eins og menn kölluðu hann gjarnan, fengið óbeit á kommúnisma. Hann var fæddur árið 1908, sonur Guðrúnar Pétursdóttur frá Engey og alþingismannsins Benedikts Sveinssonar (sem hafði óttast „yfirgang Rússa“ ef Þjóðverjum yrði á kné komið í fyrra stríði eins og áður var getið). „Bolschevikkastefnuna kvað hann óalandi og óferjandi,“ sagði í lýsingu á ræðu Bjarna á málundi hjá Framtíðinni í Menntaskólanum í Reykjavík árið 1923, og í sjálfu sér var rökrétt að

fjandmenn ríkisstjórnarinnar beindu spjótum sínum að Bjarna öðrum fremur; hann fór fyrir þeim sem mótuðu utanríkisstefnu Íslands á þessum árum og síðar var gjarnan haft á orði í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins að hann hefði tryggt aðild Íslands að því nær einn síns liðs.<sup>33</sup> Um miðjan sjötta áratug síðustu aldar sögðu bandarískir embættismenn jafnframt að í embætti dómsmálaráðherra hefði Bjarni Benediktsson „sýnt óvenjulega árvekni gagnvart kommúnistaógninni og gripið til ýmissa leynilegra aðgerða til þess að verjast henni“.<sup>34</sup> Það voru svo sannarlega orð að sönnu þegar 30. mars 1949 rann upp.

\*\*\*\*\*

Að morgni þessa dags var vígstaðan þannig í Reykjavík að stóri útifundurinn við Miðbæjarskólann vofði yfir. Þar myndi gefast tækifæri til þess, eins og lesa mátti í *Þjóðviljanum*, „að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um inngöngu Íslands í hernaðarbandalag Norðuratlantshafsríkjanna enn einu sinni áður en Alþingi hefur tekið fullnaðarákvörðun um málið“.<sup>35</sup> Og hver veit nema lögreglan hafi komist að því við símahleranir sínar að liðssafnaður gengi vel og sósíalistar væntu múgs og margmennis við þinghúsið? Kannski lögreglan hafi líka heyrt einhvern – til dæmis Stefán Ögmundsson prentara sem vann manna mest að skipulagningu útifundarins – tala um það að hvetja fjöldann svo til þess að fylkja liði á Austurvelli og láta þingheim finna að fólkið í landinu léti ekki af kröfunni um þjóðaratkvæði fyrr en í fulla hnefana?

Að minnsta kosti fannst ráðamönnum að þeir yrðu að vera viðbúnir hinu versta. Þingfundur skyldi hefjast klukkan tíu að morgni. Um það leyti var svokölluð „gassveit“ lögreglunnar búin að koma sér fyrir í þingflokksherbergi Sjálfstæðisflokksins og öryggislið sjálfstæðismanna í herbergi framsóknarmanna, samtals 85 manns. Þessir sjálfboðaliðar fengu hjálma, kylfur og armbönd í fánalitunum og varð Sigurður Þorsteinsson lögreglumaður foringi liðsins. Þarna um morguninn fékk það löggildingu sem varalögregla, ekki síst vegna þess að þá ættu menn rétt til skaðabóta ef þeir slösuðust eða örkuðust, og nánustu ættingjar ef þeir létu lífið. Liðið var þó enn, eins og Baldur Guðlaugsson lýsti í *30. marz*, algert „einkafyrirtæki“ Sjálfstæðisflokksins.<sup>36</sup> Sama gildi um fjölmennari sveitir manna sem skyldu koma sér fyrir á þingpöllum og umhverfis þinghúsið, án þess að vera vopnum búnar eða teljast til varalögreglu. Forystusveit Sjálfstæðisflokksins hafði skipulagt þann liðssafnað allan, sem taldi allt að þúsund



manns, þótt í hópinn hefðu vissulega slæðst stöku félagar úr Alpýðuflokki og Framsóknarflokki. Þrír ungir sjálfstæðismenn voru tengiliðir sjálfboðaliðanna og varalögreglu við Sigurjón Sigurðsson og Bjarna Benediktsson: Ásgeir Pétursson, Thor Ó. Thors (sonur Ólafs Thors) og Eyjólfur Konráð Jónsson.<sup>37</sup>

Morguninn 30. mars hrintu leiðtogar sjálfstæðismanna einnig í framkvæmd hugmynd, sem síðar var mikið deilt um. Þingflokksformennirnir Ólafur Thors, Eysteinn Jónsson og Stefán Jóhann Stefánsson hvöttu „friðsama borgara“ til þess að fjölmenna á Austurvöll milli klukkan 12 og eitt „til þess með því að sýna, að þeir vilji, að Alþingi hafi starfsfrið“. Flugmiði var útbúinn í snarheitum og honum dreift um bæinn, og áskorunin var líka flutt í útvarpinu. Eftir þetta var útilokað að girða af Austurvöll og reyna þannig að verja þingið.<sup>38</sup>

Þingfundur hófst klukkan tíu, eins og til stóð. Heitt var í kolunum á áheyrendapöllum þar sem lögregla stjakaði háværum andstæðingum ríkisstjórnarinnar á brott. Í þingsalnum sjálfum féllu þung orð, hvort sem var í ræðum eða með frammíköllum, og munaði litlu að menn létu hendur skipta. „Ég legg til að þingmaðurinn sé bara látinn út ef hann hlýðir ekki fundarsköpum,“ sagði framsóknarmaðurinn Steingrímur Steinþórsson þegar Einar Olgeirsson hélt orðinu fram úr hófi, að því er stjórnarsinnnum fannst. „Út með hann“, kallaði Stefán Jóhann Stefánsson að bragði. „Komið þið bara“, hrópaði Einar þá – og hafði áður sagt að forsætisráðherrann væri ekkert annað en „hirðstjóri“ og „uppþátarþingmannsræfill sem sveikst þig inn á þing“.<sup>39</sup>

Klukkan eitt eða þar um bil var svo settur útifundur Dagsbrúnar og Fulltrúaráðs verkalyðsfélaganna, allfjöldmennur án þess að nákvæmar tölur liggi fyrir um fjölda fundarmanna. Stefán Ögmundsson var fundarstjóri. Enn einu sinni var þátttöku Íslands í hernaðarbandalagi „harðlega mótmælt“ og samþykkti fundurinn að skora „mjög alvarlega á Alþingi að taka ekki lokaákvörðun um málið án þess að leitað sé álits þjóðarinnar“.<sup>40</sup> Klukkan mun hafa verið um hálf-tvö þegar fundarmenn skunduðu með kröfugerð sína að þinghúsinu. Voru þar þá fyrir lögreglumenn og sjálfboðaliðar sjálfstæðismanna, auk þeirra „friðsömu borgara“ sem höfðu verið hvattir til að verja lýðræðið á Austurvelli.

„Veður var fagurt og geysilegur mannfjöldi í miðbænum,“ sagði Ríkisútvarpið í fréttum sínum að kvöldi dags.<sup>41</sup> Á Austurvelli og umhverfis hann stóðu menn nánast öxl við öxl, og voru líklega um 8-10 þúsund þegar mest var. Fréttamenn útvarpsins sögðu svo frá:

Hópar í mannfjöldanum hrópuðu öðru hverju *þjóðaratkvæði* og ýmsar aðrar upphrópanir heyrðust, en ekki voru óspektir framan af. Bráðlega var þó farið að kasta eggjum og moldarkögglum, og rigndi þessu yfir þá, sem næstir stóðu Alþingishúsinu, og loks hófst nokkurt grjótkast inn í þingsalinn áður en afgreiðslu málsins lauk. Nokkrir steinar komu inn um gluggana, og snart steinn hönd eins þingmanns, og flumbraði hann lítið eitt, og annar [Hermann Guðmundsson, þingmaður sósíalista] fékk glerbrot í auga. Lögreglumenn stóðu í röð framan við Alþingishúsið, vopnaðir kylfum, og voru stilltir vel. Mannþröngin var þétt, og ekki unnt fyrir lögreglumennina að ná til óspektarmannanna, sem stóðu fyrir grjótkastinu, og duldust að baki hópsins og í þrönginni.<sup>42</sup>

Grjótkastið mun hafa hafist eða færst mjög í aukana þegar Stefán Ögmundsson tikynnti í hátalara að formenn allra þingflokka nema Sósíalistaflokksins hefðu hafnað kröfunni um þjóðaratkvæðagreiðslu. Vitni báru að einhver eða einhverjir hefðu þá hrópað að „þá skyldu þeir taka á móti þeim [þingmönnum] þegar þeir kæmu út“.<sup>43</sup> Og Pétur Hraunfjörð Pétursson (sá sem hafði barnungur óttast barnungur að lögreglan væri að drepa bróður hans í Gúttóslagnum) var nú orðinn róttækur kommúnisti sem mundi síðar vígamóð þeirra hörðustu í þvögunni við þinghúsið:

Þá taka nokkrir að kasta steinum, moldarkögglum og eggjum að húsinu, og skömmu seinna þrýstir mannfjöldinn á okkur sem fremst stóðum; virtist vera hugur í fólki að ráðast inni húsið og hindra glæpinn með valdi, sem auðvitað var það eina rétta, því þingheimur hafði ekki umboð frá nokkrum manni til að taka þessa ákvörðun.<sup>44</sup>

Aftur urðu þáttaskil í bardaganum þegar það spurðist út að þingfundi væri lokið og Alþingi hefði samþykkt aðild Íslands að varnarbandalaginu. 37 þingmenn voru með; allir 20 þingmenn Sjálfstæðisflokks, 11 þingmenn Framsóknarflokks og sex þingmenn Alþýðuflokks. Tíu þingmenn Sósíalistaflokksins voru á móti allir sem einn, tveir þingmenn Alþýðuflokks og einn þingmaður Framsóknarflokks. Tveir framsóknarmenn greiddu ekki atkvæði.

Forseti sameinaðs Alþingis sleit samstundis fundi að lokinni atkvæðagreiðslu en mæltist til þess, að ósk lögreglustjóra, að þingmenn héldu kyrru fyrir í þinghúsinu uns öldur hefði lægt utan dyra. Örskömmu síðar fóru tveir félagar í Æskulýðsfylkinginni upp að bakdyrum þingsins, fengu þar bréfmiða frá Einari Olgeirsson og færðu Stefáni Ögmundssyni.<sup>45</sup> Hann tók nú til máls í hátalarann og lýsti því yfir að þingmenn sósíalista væru „fangar“ í þinghúsinu sem hvergi mættu fara. Sumir þeirra, sem á vettvangi voru, sögðu síðar að þessi yfirlýsing hefði litlu sem engu máli skipt, jafnvel þótt þá minnti að

Stefán hefði „hvatt menn til þess að frelsa þá [þingmennina]“. Því varð þó ekki neitað að þetta var „náttúrulega eggjandi yfirlýsing“, eins og Ingi R. Helgason rifjaði seinna upp; „menn gátu vel hugsað sér að það yrði að fara þarna inn og leysa þá úr haldi.“<sup>46</sup>

Nær öll rök hníga að því að yfirlýsing Stefáns, sem virðist hafa verið byggð á bréfmiða frá Einari Olgeirssyni, hafi verið sem olía á eld. Fréttamenn útvarps lýstu atburðarásinni áfram:

Fundi Alþingis lauk um kl. 14:30, sem fyrr segir, en ekki dreifðist mannfjöldinn að heldur, og var nú mjög þrengt að lögreglunni svo að hún varð að beita kylfunum og hrökk þá múgurinn undan án þess að til verulegra átaka kæmi, og dálítið autt svæði myndaðist framan við Alþingishúsið. Lögreglan ruddi nú götuna framan við húsið og gekk það greiðlega fyrst í stað, en innan stundar urðu lögreglumenn að beita kylfunum öðru sinni, og urðu þá allharðar sviptingar.<sup>47</sup>

Þegar klukkuna vantaði tíu mínútur í fjögur hringdi Bjarni Benediktsson á lögreglustöðina við Pósthússtræti og bað um að læknir yrði sendur í þinghúsið að hlúa að særðum mönnum.<sup>48</sup> Svo var nú komið að eitthvað varð til bragðs að taka. Að sögn Leifs Sveinssonar, sem var í varaliði sjálfstæðismanna, skipaði Sigurður Sigurjónsson svo fyrir að menn skyldu halda út og rýma Kirkjustræti svo bifreiðar kæmur þar að til að flytja þingmenn á brott. Þeir skyldu hafa borða sína á handlegg en ekki bera hjálma eða kylfur og óaði víst marga við því að fara út á völlinn án nokkurra varna. Boðum mun því hafa verið komið til dómsmálaráðherra. Leifur Sveinsson kvaðst síðar hafa munað vel að ráðherrann ómerkti þegar skipun lögreglustjórans með þessum orðum: „Allir út með hjálma og kylfur.“ Þannig tók Bjarni Benediktsson „stjórn lögreglumálanna í sínar hendur“, skrifaði Leifur.<sup>49</sup>

Út fór liðið, með hjálma á höfði og vopnað kylfum. En við ofurefli reyndist að etja, eins og Leifur Sveinsson lýsti áfram:

Sigurður Þorsteinsson fór fyrir hópnum og beindi kylfu sinni fram. Þá var sem olíu væri hellt á eld, hróp og grjótkast upphófst um leið og sást för okkar. Sigurður Þorsteinsson tók þetta sem persónulega árás á sig og flokk sinn, enda var tilgangslaust að reyna að framkvæma skipunina um að rýma til fyrir bifreiðum þingmanna. Ef slíkt hefði verið reynt, hefðum við aðeins orðið skotmörk fyrir „hraunskyttur kommúnista“. Nú fór allt úrskaiðis. Hátalari lögreglunnar varð óvirkur, þar sem steinvala lenti í trekt hans.<sup>50</sup>

Frásögn útvarpsins var á sömu leið:

Urðu nú fyrst verulegar sviptingar, og eins jókst nú mjög grjótkast á lögregluna og inn um glugga á framhlið Alþingishússins, og eru þar nú flestar rúður brotnar. Glerbrotum rigndi yfir þá, sem voru inni í húsinu, að norðanverðu, og grjótið gekk inn í þingsalinn, en þá var þingfundi lokið, sem fyrr segir. Einhverjir, sem inni voru, skrámuðust af glerbrotum.<sup>51</sup>

Varaliðið var í vanda statt; leikinn varð að skakka. Um 5-10 mínútum eftir útrás sjálfboðaliðanna lét „gassveitin“ til sín taka, geystist út á Austurvöll og dreifði táragasi af miklum móð.<sup>52</sup> „Hvíta og gráa gasmekki lagði upp úr rauðum hylkjunum,“ sagði enn í frásögn útvarpsins, „en völluminn tæmdist á svipstundu og fór þaðan margur rauðeygur.“<sup>53</sup> Lögreglan hafði nú Austurvöll að mestu á sínu valdi, bifreiðir streymdu að og þingmenn komust smám saman leiðar sinnar. Enn voru steinar þó lagðir í götu þeirra. Þegar Bjarni var að setjast í aftursæti einnar bifreiðarinnar við þinghúsið var grjóti fleygt í hana. Maður nokkur æddi svo að henni, svipti upp afturhurðinni, lagði hendur á ráðherrann, reyndi að draga hann út og æpti: „Þarna ertu, helvítið þitt, Bjarni Benediktsson!“ Bjarni varð að hopa í þinghúsið og var önnur bifreið útveguð. Aftur reyndi hann að aka á brott en þegar hann var að stíga inn í bifreið öðru sinni dreif að hóp manna sem rugguðu henni ákaft og létu ekki undan síga fyrr en nærstaddur lögregluþjónn renndi táragassprengju að þeim. Þá fyrst gat utanríkisráðherra haldið leiðar sinnar.<sup>54</sup>

Sendiherrann Butrick sagði seinna að klukkan sex þennan sögulega dag hefði Bjarni Benediktsson hringt í hann og spurt hvort hann kæmist úr landi hið fyrsta: „*Dick, I think I had better get out of the country as soon as possible. Can you get me out tonight?*“ Butrick spann síðan nokkuð spennandi sögu af því hvernig tekist hefði að koma utanríkisráðherra til Íslands í herflugvél til Springfield í Massachusetts og þaðan til Washington þar sem stofnfundur Atlantshafsbandalagsins hefði hafist klukkustund síðar. Það hefði því engu mátt muna að Ísland missti af stofnaðild!<sup>55</sup>

Rétt er að Bjarni Benediktsson fór suður á Keflavíkurflugvöll um kvöldið og vestur um haf. Hins vegar lenti hann ekki í neinni tímaþröng enda tók Atlantshafssáttmálinn ekki gildi fyrr en við formlega hátíðarathöfn 4. apríl. Og í Reykjavík náði lögreglan yfirhöndinni að kvöldi 30. mars. Að vísu var enn róstersamt í bænum og þurfti að beita táragasi öðru hvoru fram á nótt.<sup>56</sup> Síðustu daga hafði lögregla haft auga með heimilum Bjarna Benediktssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar en að kvöldi 30. mars var bætt um betur og hafði varðflokkur harðsnúinna sjálfstæðismanna næturdvöl á heimili Bjarna. Annar flokkur var heima hjá Ólafi Thors. Mat manna var

greinilega að líf þeirra gæti verið í hættu.<sup>57</sup> Börn Bjarna voru flutt af heimili hans í öryggisskygni og óttaðist hann því að eldur yrði lagður að því eða ráðist á það á annan hátt.

\*\*\*\*\*

Nóttin leið átakalaust en margir voru sárir eftir bardaga dagsins. Alls höfðu 12 manns þurft að fara á Landsspítalann til að láta gera að áverkum sínum og nokkrir voru alavarlega slasaðir, þeirra á meðal fimm lögregluþjónar og unglingur í mótmælendahópnum sem meiddist illa á auga þegar tárágassprengja lenti á honum.<sup>58</sup> Þinghúsið var ljótt á að líta, framhlið þess ötuð mold og eggjum og allar rúður brotnar. Austurvöllur var illa leikinn.

En orrahríðin var yfirstaðin og úrslitin voru ljós. Vilja meirihluta Alþingis varð ekki hrundið og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hafði verið samþykkt. Stuðningsmenn stjórnarflokkanna voru sigurreifir, einkum þeir sjálfstæðismenn sem höfðu staðið í eldlínunni. Og nú virtist mega létt á vörnum: Einhvern tímann fimmtudaginn 31. mars fékk Guðmundur Hlíðdal póst- og símamálastjóri þá tilkynningu, frá sakadómara að því er virðist, að ákveðið hefði verið „að símahlustunum þeim, sem úrskurðaðar voru í lögreglurétti Reykjavíkur 26. þ.m., skuli hætt á næsta miðnætti“.<sup>59</sup>

Þótt allt væri með kyrrum kjörum utan dyra þennan sama dag urðu harðar deilur á Alþingi um hina sögulega atburði og sagði einn þingmaður síðar að á nær hálftrar aldar þingferli hefði hann ekki heyrt aðrar eins skammir.<sup>60</sup> Öryggisgæsla var líka áfram við heimili Bjarna Benediktssonar og óeirðirnar höfðu „mikil áhrif“ á Ólaf Thors, eins og bent er á í ævisögu hans: „Hann treystir kommúnistum ekki lengur yfir þröskuld.“<sup>61</sup>

Loft var lævi blandið. Laugardaginn 2. apríl boðaði Sósíalístaflokkurinn til útifundar í Reykjavík klukkan þrjú daginn eftir. Var þá óhætt að láta af símahlerunum fyrst frekari mótmæli voru í vændum? Þennan sama dag skrifaði Jóhann Þ. Jósefsson, settur dómsmálaráðherra í stað Bjarna Benediktssonar á meðan vesturför hans stóð, til Valdimars sakadómara Stefánssonar. Jóhann mælti fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar, ef marka má orðalag bréfsins. Vel má þó vera að ekki hafi allir ráðherrar verið hafðir með í ráðum: Þjóð veit þá þrír vita, og öryggi ríkisins var til umfjöllunar. Í bréfinu var lagt að sakadómara að leyfa áfram hlustun í síma, enda hefðu aðstæður ekki breyst síðan þess var farið á leit rúmri viku fyrr:

Með tilvísun til bréfs dómsmálaráðuneytisins dags. 26. f.m. vill ríkisstjórnin hér með tilkynna yður, herra sakadómari, að hún telur að hættuástand það, sem þar ræðir um, sé ekki hjálðið og sé því nauðsynlegt vegna öryggis ríkisins að símahlustunum þeim sem þar ræðir um, verði haldið áfram.

Ríkisstjórnin óskar því að þér fellið úrskurð um að það sé heimilt meðan ástandið helst óbreytt og þar til öðruvísi verður ákveðið.<sup>62</sup>

Lögregluþingur var haldinn samdægurs. Bréf Jóhanns Þ. Jósefssonar var lagt fram auk endurrits úr lögregluþingbók um fyrri úrskurð. Og aftur féll úrskurður um símahleranir:

Með tilliti til hinna framlögðu skjala þykir rétt að úrskurða að hlustað skuli fyrst um sinn á símtöl þau, sem fram fara frá eftirtöldum sínum hér í bænum og við þá og efni þeirra ritað, lögregluþingi til afnota:

[Sömu númer og nöfn og nefnd voru í dómsúrskurði 26. mars 1949].<sup>63</sup>

Í bréfi setts dómsmálaráðherra var beðið um að símahlustunum „verði haldið áfram“, ekki að þær yrðu teknar upp að nýju. Kannski þeim hafi því ekki linnt á miðnætti 1. apríl, þrátt fyrir tilmæli um það til póst- og símamálastjóra. Á hinn bóginn má vel vera að hlé hafi orðið á hlerunum í um sólarhring og ráðherrar síðan ákveðið að þessa neyðarúrræðis væri enn þörf, hugsanlega eftir að hafa haft samband við Bjarna Benediktsson í Washington.

Þessi beiðni um framhald símahlerana ætti að sanna að þær þóttu koma að nokkru gagni. Hin ákveðnu tilmæli í bréfi Jóhanns Þ. Jósefssonar – „Ríkisstjórnin óskar því að þér fellið úrskurð“ – hljóta jafnframt að vekja athygli. Hér var ætlast til þess dómari kvæði upp úrskurðinn frekar en ráðherra og sú tilhögun var eftir hljóðan frumvarpsins um meðferð opinberra mála sem Bjarni Benediktsson hafði lagt fram árið áður, án þess að það hefði þá hlotið brautargengi. En orðalagið í bréfi setts dómsmálaráðherra 2. apríl var samt á þá leið að dómsvaldið átti þess varla nokkurn annan kost en fara að vilja framkvæmdarvaldsins. Sakadómara var sagt fyrir verkum.

Ekki verður fullyrt að starfsfriði Alþingis hafi enn verið ógnað eftir darraðardansinn 30. mars. Fjöldafundur sósíalista fór fram með friði sunnudaginn 3. apríl. Bæði sakadómari og símamálastjóri virðast líka hafa gengið tregir til frekari símahlerana og viljað takmarka þær. Miðvikudaginn 6. apríl var enn settur lögregluþingur. Að þessu sinni virtust ráðherrar eða lögregluþingir ekki hafa átt frumkvæði að því að Valdimar Stefánsson kvað upp nýjan úrskurð, „vegna nokkuð breyttra aðstæðna við hlustanirnar frá því að síðasti úrskurður var kveðinn upp hinn 2. þ.m.“ Símanúmerum, sem hleruð skyldu,

var fækkað í nú: eitt númer *Þjóðviljans*, tvö númer Sósíalístaflokksins, heimasíma þingmannanna Áka Jakobssonar, Brynjólfs Bjarnasonar og Einars Olgeirssonar, og síma Magnúsar Kjartanssonar ritstjóra, Eggerts Þorbjarnarsonar framkvæmdastjóra og eins ónefnds starfsmanns *Þjóðviljans*.<sup>64</sup> Áki Jakobsson var sá eini sem ekki hafði verið hlustað hjá áður og illmögulegt er að leiða líkum að því hvers vegna hann bættist í hóp hinna hleruðu. Hugsanlegt er að síðustu daga á undan hafi Áki látið hörð orð falla í símtölum við *Þjóðviljann*, flokk sinn eða flokksforingja og því hafi þótt ráð að fylgjast betur með honum. Og kannski heitingar um „pólítískan dauða“ Bjarna Benediktssonar hafi ráðið einhverju um það að Áki Jakobsson fyllti nú þennan flokk.

Þann dag, sem hinn nýi úrskurður um símahleranir var kveðinn upp, var liðin rétt vika frá óeirðunum við Alþingishúsið og fullur friður kominn á í landinu. Að vísu áttu dómar eftir að falla yfir þeim sem voru sakaðir um að ganga hvað harðast fram í árásum á Alþingi, en á þingi sættust fulltrúar stjórnarflokkanna við félagu sína úr Sósíalístaflokknum. Þótt menn hlífðu ekki hver öðrum í stjórnmalabaráttunni þurftu þeir ekki þar fyrir að vera „persónulegir fjandmenn“, eins og Brynjólfur Bjarnason benti síðar á.<sup>65</sup> Og hlerunum linnu líka: Laugardaginn 9. apríl fékk póst- og símamálastjóri þá tilkynningu frá sakadómara „að ákveðið hefur verið að símahlustunum þeim, sem úrskurðaðar voru 6. þ.m. í lögreglurétti Reykjavíkur, skuli hætt“.<sup>66</sup> Hættan var liðin hjá.

\*\*\*\*\*

Allt frá því að táragsmökkurinn lá yfir miðbæ Reykjavíkur 30. mars 1949 hafa sjónarvottar, stjórnmalamenn, skáld, fræðimenn og aðrir Íslendingar tekist á um rétt og rangt þennan sögulega dag. Ekkert hefur þó verið rætt um símahleranirnar, enda hefur ríkisvaldið aldrei viðurkennt að þær hafi átt sér stað. Við gerð bókarinnar *30. marz* spurðust höfundarnir fyrir um slíkar aðgerðir en fengu ekki svör. „Við gripum bara í tómt, enginn vildi segja neitt,“ sagði Páll Heiðar Jónsson síðar og hafði honum helst heyrst á yfirmönnum lögreglu að enginn tækjabúnaður til slíks hefði verið fyrir hendi.<sup>67</sup> Það hefði auðvitað valdið miklum úlfabýtt um miðjan áttunda áratug síðustu aldar ef stjórnvöld hefðu viðurkennt að þau hefðu hlerað síma sósíalísta; kalda stríðið geisaði enn og orrustuvöllurinn var að ýmsu leyti óbreyttur frá árinu 1949. En nú er öldin önnur og þegar vitneskja um símahleranir og umfang þeirra liggur loksins fyrir er unnt að leita svara við þessari meginspurningu: Fóru lögregluþyrirvöld og ríkisstjórn, með

Sjálfstæðisflokk í broddi fylkingar, offari í öllum sínum viðbúnaði og varnaraðgerðum? Kallaði ógnin kannski ekki á þær varnir sem beitt var?

Hafi uppreisn og valdarán verið í aðsigi voru ítrustu neyðarráð leyfileg. „Árásin á Alþingishúsið 30. mars 1949 var tilraun til byltingar,“ skrifaði Leifur Sveinsson þegar hann rifjaði upp þátttöku sína í varaliði sjálfstæðismanna tæpri hálfri öld síðar: „Hindra átti alþingismenn í störfum. Það var háð orusta á Austurvelli, lýðræðissinnar gegn byltingarmönnum. Varið land eða Sovét-Ísland.“<sup>68</sup> En teljist athafnir lögreglu og „hvítliða“ á Austurvelli helst vera „próvokasjón“ voru þær utan laga og réttar. Rithöfundurinn Jón Óskar var á vettvangi 30. mars, rétt eins og Leifur Sveinsson, og mundi atburði dagsins allt öðru vísi:

Ég gat ekki annað séð á þeim tíma en að framferði íslensku stjórnarinnar fyrir og eftir 30. mars 1949 væri í ætt við harðstjórn, þannig að lýðræðið væri ekki orðið nema að nafninu til. Það sýndi hver hætta gat vofað yfir lýðræðinu hérlandis sem annarsstaðar, ef fyrirbæri eins og McCarthy í Bandaríkjunum næði tókum á íslenskum ofstækismönnum afturhaldsins og snerist upp í blint kommúnistahatur.<sup>69</sup>

Dómar voru kveðnir upp vegna átakanna 30. mars 1949. Tæpu ári síðar komst Valdimar Stefánsson sakadómari að þeirri niðurstöðu í aukarétti Reykjavíkur að þótt líklegt væri að „samtök manna hafi staðið að óeirðunum“ þá yrði það „eigi talið sannað“.<sup>70</sup> Í maí 1952 sagði Hæstiréttur Íslands atvik málsins ekki benda til þess „að stofnað hafi verið fyrirfram til samtaka um árásina [á Alþingi]“. Hins vegar hefði orðið „upphlaup, þar sem samtök urðu í verki um að veitast með ofbeldi að Alþingi“. Tuttugu menn hlutu dóma, misþunga, fyrir sinn þátt. Þar af voru 11 manns dæmdir í fangelsi án skilorðs. Enginn þeirra tók út refsingu en sumir voru án kosningaréttar uns þeir voru náðaðir árið 1957.<sup>71</sup> Í bók sinni um bardagann reyndu Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson svo að fella einhvers konar „dóm sögunnar“:

Er það niðurstaða þeirra, sem þetta rita, að hvorki hafi þarna verið um „skipulagða árás“ á þinghúsið að ræða né heldur að ríkisstjórnin hafi ætlað sér „að ganga milli bols og höfuðs á Sósíalístaflokknum“ og nota til þess „próvokasjónir“. Miklu mun fremur má segja, að tortryggnin sem var allsráðandi og hin gagnkvæma andúð sem mengaði andrúmsloftið á þessum tíma hafi orsakað viðbrögð, sem voru mun harkalegri en ástæða hefði verið til.<sup>72</sup>

Margt er til í þessu. Báðum megin víglínunnar misstu ráðamenn tók á rás viðburðanna. En það eru þó alltaf einstaklingar sem ráða mestu um það sem gerist. Sagan er betur sögð



í germynd en þolmynd. Þannig fór Stefán Ögmundsson gagngert með hátalara á vettvang í því skyni að tala til fólks og hvetja það til dáða. Ótrúlegt má heita að hann hafi tekið það upp hjá sjálfum sér. Forysta Sósíalístaflakksins vildi án nokkurs vafa að mótmælin yrðu harðari en áður hefðu þekkt á Íslandi; ekki svo hörð að ofbeldi yrði beitt en þó svo magnþrungin að meirihluti þingmanna skyldi skipta um skoðun og láta að vilja „þjóðarinnar“ um þjóðaratkvæði.

Hins vegar er líka ljóst að forystumenn stjórnaflakksanna hefðu betur látið vera að hvetja „friðsamra borgara“ að fjölmenna á Austurvöll. Heita má víst að flestir eða allir yfirmenn lögreglunnar hafi verið á móti þessari áskorun. Þeir hefðu frekar kosið að loka götum að þinghúsinu og beita taraqasti ef fólk brytist í gegnum raðir lögregluþjóna og varaliðs.<sup>73</sup> Þetta var einmitt sú leið sem Agnar Kofoed-Hansen hafði valið þegar hann boðaði til allsherjaræfingar í því að verja Alþingi gegn árás æsts lýðs.<sup>74</sup> Á sigurdaginn í maí 1945 hafði Agnar líka stýrt átökum við hermenn og sjóliða sem gengu berserksgang í bænum. „Á þessum mesta óspektardegi Reykjavíkur fyrr og síðar“, sagði hann í ævisögu sinni, „tókst okkur að sanna yfirburði góðs tæknibúnaðar [og] lipurra og þjálfaðra vinnubragða yfir löngu kylfuna, sem áður var traust og helsta vopn lögreglumannsins.“<sup>75</sup>

Sjálfur sagði Stefán Jóhann Stefánsson síðar að sennilega hefði áskorunin til hinna „friðsömu borgara“ verið „ástæðulítill og miður heppileg“.<sup>76</sup> Eysteinn Jónsson varði hana hins vegar með þeim rökum að „menn mundu þá síður taka til þess að fara í grjótkast, ef það væri margt fólk þarna, sem ekki var í neinum æsingahug“.<sup>77</sup> Það má vera en ákallið virðist þó frekar hafa þjónað *pólítískum* tilgangi; að sýna sósíalístum að þeir væru og yrðu alltaf í minnihluta.

Þessi niðurstaða breytir því ekki að hefði andstæðingum ríkisstjórnaarinnar tekist að knýja hana til uppgjafar með óspektum á Austurvelli hefði ofbeldið unnið en þingræðið orðið að lúta í lægra haldi. Sá grundvöllur íslensks stjórnaarfars sem finna má í fyrstu grein stjórnaarskráarinnar – „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn“ – hefði brostið. Sú leynd, sem hvíldi yfir umræðum um aðild landsins að varnarbandalagi vestrænna þjóða veturinn 1948-49, var að vísu ekki til fyrirmyndaar. Þannig fékk utanríkismálanefnað Alþingis ekkert að fjalla um málið fyrr en á stuttum fundi 29. mars. „Hún hefði þess vegna eins getað setið norður í Kolbeinsey“, sagði Einar Olgeirsson réttilega!<sup>78</sup> Sá hraði, sem þá var á allri meðferð málsins, var ekki heldur í réttu samræmi við mikilvægi þess. Það er erfitt að finna skýrar línur í þessari sögu.

Ómögulegt er að staðhæfa um lyktir ef landsmenn hefðu kosið um inngöngu í Atlantshafsbandalagið í Þjóðaratkvæðagreiðslu. Líklega hefðu stuðningsmenn aðildar þó verið fleiri; nær allir kjósendur Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks og að minnsta kosti allmargir framsóknarmenn. Eftir stendur líka alltaf að öruggur þingmeirihluti reyndist fyrir aðild og í alþingiskosningum í október bættu sósíalistar – eina stjórn málaaflið sem var eindregið á móti aðild – ekki við sig fylgi svo neinu nam. Árið 1949 fékk meirihlutinn að ráða, fyrst á Alþingi og svo í frjálsum kosningum.

En hvað með símahleranirnar? Fram hefur komið að á sínum tíma sagði *Þjóðviljinn* þær „að sjálfsögðu algert lögbrot“ og um áratug áður höfðu Ólafur Thors, Bjarni Benediktsson og fleiri sjálfstæðismenn keppst við að fordæma slíka ósvinnu. Að vísu hafði margt breyst síðan þá, bæði stjórn mála og landslög. Hér að framan var bent á ákvæði fjarskiptalaganna frá 1941 um ótvíræða heimild til hlustunar þegar „öryggi landsins“ krefðist þess eða í þágu mikilsverðra sakamála. Nú er „öryggi landsins“ ekki vel afmarkað hugtak sem einhugur getur ætíð ríkt um. Um það sagði ekkert í lögum hvaða ógn þyrfti að vera yfirvofandi eða hver ætti að meta hana og greina. En það hlutu þó að vera æðstu stjórnvöld ríkisins hverju sinni. Ríkisstjórnin réð því í raun hvenær öryggi landsins teldist ógnað svo mjög að hlera skyldi síma.

Í upphaflega úrskurðinum um símahleranir 26. mars 1949 var auk þess vísað til skrifna *Þjóðviljans* sem gæfu til kynna að áformað væri „að hindra Alþingi í störfum sínum með ofbeldi“. Við því gat legið allt að lífstíðarfangelsi, eins og fram hefur komið. Í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar um aðild að Atlantshafsbandalaginu gaf *Þjóðviljinn* vissulega til kynna að gegn þeim ósóma yrði að berjast með nær öllum tiltækum ráðum. Blaðið hvatti menn samt aldrei berum orðum til þess að ráðast á þinghúsið og þótt áeggjanir þess hafi verið með eindæmum hvassar mátti jafnvel segja að svona hefðu menn tekist á í þá daga.

Brotaviljinn var ekki hafinn yfir allan vafa. Hér verður niðurstaðan þó sú að símahleranirnar í mars og apríl 1949 hafi verið réttlætanager. Ríkisvaldið átti þann neyðarrétt að lögum að hlusta á símtöl og rjúfa þannig friðhelgi einkalífsins. Hafi einhvern tímann verið ástæða til þess að nýta þennan rétt þá var það við inngönguna í Atlantshafsbandalagið. Ríkisvaldið mátti reyna að ganga úr skugga um það að þeir, sem töluðu um að mótmæla „landráðasamningnum“ og „hindra að hann verði gerður af þingmönnum“, hefðu ekki í hyggju að trufla starfsfrið Alþingis og ógna öryggi ríkisins.

Auðvitað mun fólk greina á um þessa ályktun og rétt og rangt 30. mars 1949. En að lokum – og í ljósi þess sem næst gerist í þessari sögu – má spyrja hvort óeirðinar þann dag hafi ekki verið algert einsdæmi. Var nauðsynlegt að setja á laggirnar öryggisþjónustu lögreglunnar í Reykjavík, undirbúa stofnun heimavarnarliðs, vænta innrása og hlera síma margra sósíalista? Var öryggi landsins í slíkum voða?

---

<sup>1</sup> ÞÍ. Sak.R. 2005 FB/4. Handskrifað uppkast að dómsúrskurði, kveðnum upp 26. mars. 1949.

<sup>2</sup> Hdr. SR. Askja VI. Fundargerðabók stjórnar Sósíalistafélags Reykjavíkur, 1946-1950. Stjórnarfundur 26. mars 1949.

<sup>3</sup> Þjóðviljinn, 27. mars 1949. Sjá einnig: Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 147. Sólveig Einarasdóttir, *Hugsjónaeldur*, bls. ??.

<sup>4</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 147.

<sup>5</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 175.

<sup>6</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 161.

<sup>7</sup> Ómar Valdimarsson, *Jakinn í blíðu og stríðu*, bls. 91-92.

<sup>8</sup> Þjóðviljinn, 27. mars 1949. Fundurinn var boðaður í því tölublaði og er hér gengið út frá því að hann hafi verið haldinn á tilsettum tíma.

<sup>9</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 161-163. Pétur Hraunfjörð, „Minningar úr stéttabaráttunni“, ??.

<sup>10</sup> Brynjólfur Bjarnason, *Með storminn í fangið III*, bls. 99. Sjá einnig: Ómar Valdimarsson, *Jakinn í blíðu og stríðu*, bls. 91-92.

<sup>11</sup> Páll Heiðar Jónsson lýsti þessari stöðu mála svo: „Verður ekki betur séð en hér standi líkt á og þegar veðhlaupahestur er knúinn sporum án þess þó að honum sé nokkru sinni leyft að taka sprettinn.“ Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 166.

<sup>12</sup> Pétur Hraunfjörð Pétursson, „Minningar úr stéttabaráttunni“, bls. 207-208.

<sup>13</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 163.

<sup>14</sup> Sjá t.d.: Alan Bullock, *Hitler and Stalin*, bls. 309-310.

<sup>15</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 163.

<sup>16</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 171-172.

<sup>17</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson komast einnig að þessari niðurstöðu, þótt þeir kveði kannski ekki alveg jafnfast að orði. Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, 30. mars 1949, bls. 173-175.

<sup>18</sup> ÞÍ. RÚV. FA/100. Fréttir 27. mars 1949. Sjá einnig: Einar Olgeirsson, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar*, bls. 286.

<sup>19</sup> *Alþingistíðindi* 1948, A, þingskj 495-514??. Auk Íslands þessara ríkja, sem þarna eru nefnd, gerðust Danmörk og Ítalía stofnaðilar Atlantshafsbandalagsins.

<sup>20</sup> *Alþingistíðindi*, 1948, D. d. ??

<sup>21</sup> *Alþingistíðindi* 1950 B, d. 1474-75. Sjá einnig: Leifur Hauksson (ritstjóri), *Með leyfi forseta*, bls. 82-83.

- 
- <sup>22</sup> *Morgunblaðið*, 29. mars 1949.
- <sup>23</sup> *Alþingistíðindi* 1948, D, d. 271-336.
- <sup>24</sup> *Þjóðviljinn*, 29. mars 1949.
- <sup>25</sup>
- <sup>26</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 188-189.
- <sup>27</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 183-184 og 189-190., Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 398-399.
- <sup>28</sup> Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar* II, bls. 54-55.
- <sup>29</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 184-185.
- <sup>30</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 174 og 206.
- <sup>31</sup> *Alþingistíðindi* 1948, D, d. 176. Sjá einnig: Matthías Johannessen, *Ólafur Thors* II, bls. 50., Guðni Th. Jóhannesson, „Bjarni Benediktsson”, bls. ??
- <sup>32</sup> Bernharð Stefánsson, *Endurminningar* II, bls. 109.
- <sup>33</sup> Sjá: Guðni Th. Jóhannesson, „Bjarni Benediktsson“, bls. ??
- <sup>34</sup> DDE. White House Office. NSC Staff: Papers, 1948-61. OCB Central File Series, Box 35. ‘OCB 091. Iceland (File#3) (3). „Analysis of Internal Security Situation in Iceland and Recommended Action“, 9. febrúar 1956.
- <sup>35</sup> *Þjóðviljinn*, 30. mars 1949.
- <sup>36</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 155-156 og 207-208. Leifur Sveinsson, „Valur Ingimundarson og 30. mars 1949“, *Morgunblaðið*, 28. maí 1997. Vef. „Atlantshafsbandalagið 50 ára“.
- <sup>37</sup> Leifur Sveinsson, „Valur Ingimundarson og 30. mars 1949“, *Morgunblaðið*, 28. maí 1997.
- <sup>38</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 202-203.
- <sup>39</sup> Einar Olgeirsson, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar*, bls. 296-297. *Alþingistíðindi* 1948, D, d. 183-186.
- <sup>40</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 205.
- <sup>41</sup> ÞÍ. RÚV. FA/100. Fréttir, 30. mars 1949.
- <sup>42</sup> ÞÍ. RÚV. FA/100. Fréttir, 30. mars 1949.
- <sup>43</sup> *Hæstaréttardómar*, 1952, bls. 195 og 225-227.
- <sup>44</sup> Pétur Hraunfjörð Pétursson, „Minningar úr stéttabaráttunni“, bls. 207.
- <sup>45</sup> Frásögn Þorvarðar Helgasonar, 26. ágúst 2008. Þorvarður var annar piltanna.
- <sup>46</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 231.
- <sup>47</sup> ÞÍ. RÚV. FA/100. Fréttir, 30. mars 1949.
- <sup>48</sup> *Bskjs*. LR. Dagbók, 30. mars 1949.
- <sup>49</sup> Leifur Sveinsson, „Valur Ingimundarson og 30. mars 1949“, *Morgunblaðið*, 28. maí 1997.
- <sup>50</sup> Leifur Sveinsson, „Valur Ingimundarson og 30. mars 1949“, *Morgunblaðið*, 28. maí 1997.
- <sup>51</sup> ÞÍ. RÚV. FA/100. Fréttir, 30. mars 1949.
- <sup>52</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 234-245.

- 
- <sup>53</sup> ÞÍ. RÚV. FA/100. Fréttir, 30. mars 1949.
- <sup>54</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 248-249.
- <sup>55</sup> CD-ROM. ADST. Frásögn Richards Butrick, 25. mars 1993.
- <sup>56</sup> Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 400-401. Bskjs. LR. Dagbók, 30.-31. mars 1949.
- <sup>57</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 258. Björn Bjarnason, „Farsælt varnarsamstarf kallar á verkaskiptingu,” *Morgunblaðið*, 5. maí 2001.
- <sup>58</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 253-255.
- <sup>59</sup> ÞÍ. Sak.R. 2005 FB/4. Tilkynning til póst- og símamálastjóra, 31. mars 1949.
- <sup>60</sup> Bernharð Stefánsson, *Endurminningar*, bls. ??
- <sup>61</sup> Matthías Johannessen, *Ólafur Thors II*, bls. 49.
- <sup>62</sup> ÞÍ. Sak.R. 2005 FB/4. Jóhann Þ. Jósefsson til sakadómarans í Reykjavík, 2. apríl 1949.
- <sup>63</sup> ÞÍ. Sak.R. 2005 FB/4. Lögregluþingbók nr. 249. Úrskurður 2. apríl 1949.
- <sup>64</sup> ÞÍ. Sak.R. 2005 FB/4. Lögregluþingbók nr. 249. Úrskurður 6. apríl 1949.
- <sup>65</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 275.
- <sup>66</sup> ÞÍ. Sak.R. 2005 FB/4. Tilkynning til póst- og símamálastjóra, 9. apríl 1949.
- <sup>67</sup> Frásögn Páls Heiðars Jónssonar, 15. febrúar 2006.
- <sup>68</sup> Leifur Sveinsson, „Valur Ingimundarson og 30. mars 1949“, *Morgunblaðið*, 28. maí 1997. Sjá einnig: *Morgunblaðið*, 30. mars 1979. Gísli Jónsson, „Minningar frá marslokum 1949“, *Morgunblaðið*, 30. mars 1989. Þorsteinn Jónsson og Guðmundur Guðjónsson, *Lögreglan á Íslandi*, bls. 402.
- <sup>69</sup> Jón Óskar, *Týndir snillingar*, bls. 162.
- <sup>70</sup> *Hæstaréttardómar*, 1952, bls. 218.
- <sup>71</sup> *Hæstaréttardómar*, 1952, bls. 190-212. Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 259.
- <sup>72</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 278.
- <sup>73</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 202-203.
- <sup>74</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 172.
- <sup>75</sup> Jóhannes Helgi, *Lögreglustjóri á stríðsárunum*, bls. 306.
- <sup>76</sup> Stefán Jóhann Stefánsson, *Minningar II*, bls. 55.
- <sup>77</sup> Baldur Guðlaugsson og Páll Heiðar Jónsson, *30. marz 1949*, bls. 202.
- <sup>78</sup> Einar Olgeirsson, *Ísland í skugga heimsvaldastefnunnar*, bls. 281.